

# Uppsetning á sandblástursfilmu


Vinnutól sem gott er að hafa við hendina áður en álímingu hefst.




Rúðuhreinsir




Járnskafa




Pappírsrúlla



Finofin tuska



Gluggaskafa



Skurðarhnífur

1. Byrjið á að **prífa glerið vel** og innanverða gluggapósta með rúðuhreinsi. Rennið með gluggasköfu (hníf) yfir glerið til að hreinsa allar smáagnir. Passið að ekkert kusk eða fingraför séu á glerinu.
2. **Bleytið alla rúðuna með rúðuhreinsinum.** Látið vökvan liggja á rúðunni. Notið meira en minna.
3. **Takið bakpappírinn varlega af filmunni,** passið að filman klessist ekki saman eða að það komi brot í hana. Filman getur orðið rafmögnuð og því er gott að sprejja rúðuhreinsi á hana til að afrafmagna hana. **Spreyið jafnt yfir allan límflötinn á filmunni.** Gott að tveir einstaklingar séu að ef filman er stór.
4. Þegar búið er að bleyta rúðuna og límhlíðina á filmunni, þá er **filman lögð á rúðuna.** Filman flýtur á vökvanum og nú er hægt að stillið filmuna af.
5. Þegar búið er að stilla filmuna af, þá **bleytið yfirborð hennar með rúðuhreinsi** svo hún verði ekki stöm fyrir næsta skref.
6. **Strjúkið þéttingsfast með sköfu yfir filmuna frá miðju og út til kantana** þannig að vökvinn fari undan filmunni. Passið að engin vökvi eða loft verði eftir undir filmunni. Ef rykkorn er undir þá má lyfta hluta filmunnar og taka það í burtu og úða á þann stað aftur með rúðuhreinsinum.
7. **Strjúkið allan umfram vökva af filmunni** og meðfram köntunum.
8. Það tekur filmuna um **sólarhring** að ná almennilegri festu á rúðunni.

## Filma með útskornu munstri:

Ef mynstur er í filmunni þá er yfirfilma yfir því til að halda öllu á sínum stað. Yfirfilmuna skal taka af eftir sólarhring. Ef það er mikið frost úti gæti það verið lengri tími.

Gott er að bleyta yfirfilmuna með vatni. Notið úðabrusa til þess en einnig má nota rúðuhreinsi. Rífið hana varlega af og ekki toga beint að þér heldur niður með rúðunni.